

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2456****2023/EES/30/66**

frá 8. desember 2022

**um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1218/2010 um beitingu  
3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum  
flokkum samninga um sérhæfingu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>,að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og einokun,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni falið vald til að lýsa því yfir, með reglugerð og í samræmi við 3. mgr. 101. gr. sáttmálans, að 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildi ekki um tiltekna flokka sérhæfingarsamninga.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1218/2010 <sup>(3)</sup> eru skilgreindir flokkar sérhæfingarsamninga sem framkvæmdastjórnin telur að uppfylli almennt þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Sú reglugerð fellur úr gildi 31. desember 2022.
- 3) Hinn 5. september 2019 setti framkvæmdastjórnin af stað mat á reglugerð (ESB) nr. 1218/2010. Af þeim gögnum sem tekin voru saman við matið má ráða að reglugerð (ESB) nr. 1218/2010 hafi reynst gagnlegt stjórnþæki og að reglur hennar eigi áfram erindi við hagsmunaaðila. Á grundvelli niðurstaðna matsins setti framkvæmdastjórnin af stað áhrifamat 7. júní 2021 á stefnuvalkostum varðandi samþykkt reglugerðar um hópundanþágur í tengslum við sérhæfingarsamninga.
- 4) Til þess að gefa framkvæmdastjórninni nægan tíma til að ljúka samþykktarferli vegna nýrrar reglugerðar um hópundanþágur í tengslum við sérhæfingarsamninga og í samræmi við valdheimild framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71 ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 1218/2010 um sex mánuði.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1218/2010 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46. Frá og með 1. desember 2009 varð 81. gr. EB-sáttmálans (áður 85. gr. EBE-sáttmálans) að 101. gr. sáttmálans. Þessi ákvæði eru eins í meginatriðum. Að því er þessa reglugerð varðar ber að skilja tilvísanir í 85. gr. EBE-sáttmálans eða 81. gr. EB-sáttmálans sem tilvísanir í 101. gr. sáttmálans, eftir því sem við á.

(2) Stjtið. ESB C 405, 21.10.2022, bls. 50.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1218/2010 frá 14. desember 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um sérhæfingu (Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 43).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað annarrar málsgreinar 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1218/2010 kemur eftirfarandi:

„Hún fellur úr gildi 30. júní 2023.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---